

INNKAUPAREGLUR FAGRAFJARÐAR¹

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur

Reglur þessar eru settar með stoð í lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 og í samræmi við áskilnað 19. gr. laganna.

Tilgangur reglnanna er að útfæra nánar verklag við kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum í samræmi við innkaupastefnu **Fagrafjarðar**, en hún miðar að því að ...

[Reglurnar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum **Fagrafjarðar** og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem **Fagrifjörður** kaupir. Ennfremur skulu reglurnar stuðla að því að litið sé til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup.]

Reglunum er ætlað að tryggja vandaða stjórnásluhammetti við innkaup **Fagrafjarðar**, að jafnræðis sé gætt og þannig stuðlað að virkri samkeppni og hagkvæmni í rekstri. Reglunum er jafnframt ætlað að hvetja til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um sveitarsjóð **Fagrafjarðar**, allar stofnanir, svið og deildir sem reknar eru af sveitarfélaginu, sbr. ákvæði í lögum um opinber innkaup. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu **Fagrafjarðar**, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup nr. 84/2007 geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Reglurnar taka til allra innkaupa sveitarfélagsins undir þeim viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem í gildi eru hverju sinni.

Reglurnar gilda ekki þegar áætluð samningsfjárhæð innkaupa er yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal viðhafa útbod á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við áskilnað laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og reglna sem settar eru á grunni þeirra.

Við innkaup skal ennfremur fylgja lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 og lögum um framkvæmd útboda nr. 65/1993, sem og öðrum lögum sem kunna að verða sett og ná til sveitarfélaga.

3. gr.

Samningar sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til skriflegra samninga um fjárhagslegt endurgjald sem **Fagrifjörður** gerir við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu á vöru eða veitingu þjónustu í skilningi reglna þessara.

Til **verksamninga** teljast samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á verkum sem m.a. flokkast undir margvíslega byggingastarfsemi, og á verkum eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur, sem slíkur, þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki. Dæmi um verksamninga eru samningar um gerð nýbygginga og ýmissa þátta þeirra, gerð gatna og lagna, jarðvinnu og lagningu margvíslegra yfirborðsefna.

¹ Þetta er „lengri“ útgáfan þar sem t.d. eru

- a) Ákvæði sem vekja athygli á að svf. gæti haft innkaupastefnu
- b) Ákvæði sem gera ráð fyrir meiri umhverfisáherslum

Gert er ráð fyrir innkauparáði – en hvert svf. getur hæglega skipt því út fyrir aðra nefnd/aðila, eftir því sem talið er henta best á hverjum stað.

Til **vörusamninga** teljast aðrir samningar en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar, sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu, með eða án kaupréttar, á vöru. Samningur sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.

Til **þjónustusamninga** teljast samningar sem ekki eru verk- eða vörusamningar og hafa að markmiði veitingu þjónustu, svo sem viðhalds- og viðgerðarþjónustu, fjarskiptaþjónustu, fjármálaþjónustu, váttryggingarþjónustu, tölvuþjónustu, ráðgjafarþjónustu, garðslátt, sorp- og hreinlætisþjónustu, o.fl. Ef samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu skal hann teljast þjónustusamningur ef sá þáttur samningsins sem lýtur að þjónustu nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn. Samningur sem hefur að markmiði veitingu þjónustu og felur í sér tilfallandi verk með hliðsjón af meginmarkmiði samningsins, telst þjónustusamningur.

Um skilgreiningar á einstökum samningsgerðum vísast að öðru leyti til laga um opinber innkaup nr. 84/2007, einkum 4. gr.

4. gr.

Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglanna

Innkaupareglur þessar taka ekki til þjónustusamninga er varða:

- a. Kaup eða leigu, gegn hvers konar fjárhagslegu endurgjaldi, á jörð, byggingum sem þegar hafa verið reistar eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim. Samningar um fjármálaþjónustu sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningnum um kaup eða leigu á fasteign falla þó undir gildissvið reglnanna.
- b. Vinnusamninga.
- c. Fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum.
- d. Rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum þar sem kaupendur bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.
- e. Þjónustu sem gerð er við aðila eða félag aðila sem sjálfir teljast kaupendur eða á grundvelli einkaréttar sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í samræmi við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði 12. og 13. gr. innkaupareglanna gilda ekki um samninga um þjónustu sem kveðið er á um í II. viðauka B við útboðstilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004, s.s. hótél- og veitingahúsarekstur, lögfræðiþjónustu, rannsóknir og öryggisþjónustu, menntun og starfsmenntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu og tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi.

Við túlkun á efni samninga samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal líta til II. viðauka B við lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Samningar um slíka þjónustu skulu gerðir í samráði við innkauparáð.

Birta skal tilkynningu um fyrirhugað verkefni á vefsíðu **Fagrafjarðar** og auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að taka það að sér.

II. kafli. Ábyrgð, umsjón og eftirfylgni með innkaupum

5. gr.

Ábyrgð á innkaupum

Sveitarstjórn ber ábyrgð á innkaupum sveitarfélagsins. Hvert svið, deildir og stofnanir **Fagrafjarðar** bera ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur sveitarfélagsins. Deildarstjórar bera ábyrgð á innkaupum stofnana sem undir þá heyrir og innkaupum deildanna utan stofnana. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á innkaupum sinna stofnana.

6. gr.

Umsjón með innkaupum

Sveitarstjóri, deildarstjórar og forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins hafa umboð til innkaupa. Deildarstjórar og forstöðumenn ákveða hvaða starfsmenn þeirra hafi umboð til innkaupa og hve víðtækt umboðið sé, þ.e. til hvaða þátta og aðferða við innkaup það nái.

Forstöðumenn, eða þeir starfsmenn sem þeir veita umboð, gera fyrirspurnir um verð og eiginleika vöru, verka og þjónustu fyrir viðkomandi stofnun, nema annað sé ákveðið, sbr. ákvæði þessara reglna.

Deildarstjórar, eftir atvikum í samráði við forstöðumenn einstakra stofnana, hafa umsjón með forvali, útboðum og frágangi samninga á sínu verksviði nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Innkauparáð hefur umsjón með framkvæmd samkeppnisviðræðna, samningskaupa, hönnunarsamkeppna og annarra innkaupaaðferða, eftir atvikum í samráði við deildarstjóra og forstöðumenn stofnana.

Fjármálastjóri eða sveitarstjóri, og eftir atvikum sveitarstjórn, skulu staðfesta samninga sem gerðir eru um innkaup.

7. gr.

Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa

Í innkauparáði sitja [xxx, xxx og xxx], sem jafnframt er formaður ráðsins.

Innkauparáð hefur yfirumsjón með framkvæmd og samræmingu innkaupa og eflingu innkaupaþekkingar hjá sveitarfélaginu, auk þess sem það hefur eftirlit með að svið, deildir og stofnanir fylgi innkaupastefnu og -reglum sveitarfélagsins. Innkauparáð veitir aðstoð og er til ráðgjafar um innkaup sveitarfélagsins. Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við innkaupastefnu **Fagrafjarðar** og skilgreinir mælikvarða til að meta árangur. Það fylgir markmiðum eftir og metur framkvæmd þeirra, auk þess sem ráðið sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga.

Deildarstjórar skulu fylgjast með innkaupum, hver á sínu sviði og vera forstöðumönnum til aðstoðar við innkaup og framfylgd innkaupareglna. Þeir skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa innan sinna sviða. Deildarstjórar skulu, í samvinnu við innkauparáð, leitast við að samræma innkaup milli allra sviða og stofnana sveitarfélagsins og fylgjast með því að upplýsingar séu tiltækar um innkaup, m.a. svo hægt sé að fylgja skilgreindum mælikvörðum.

Fjármálastjóri sér um að tiltækar séu upplýsingar um heildarinnkaup, m.a. í samræmi við skilgreinda mælikvarða, og að þær berist innkauparáði, viðkomandi deildarstjórum, forstöðumönnum stofnana og öðrum eftir atvikum.

III. kafli. Undirbúningur innkaupa

8. gr.

Mat á þörf fyrir innkaup

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup, útboð undirbúið eða samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal greina þörfina fyrir innkaup. Mikilvægt er að það sé gert í samráði við væntanlega notendur og jafnframt íhugað hvort þörfin verði uppfyllt eftir öðrum leiðum, s.s. með breyttu vinnulagi, endurnýtingu, þjónustu eða á annan hátt.

Æskilegt er að á þessu stigi sé leitað upplýsinga hjá seljendum um valkosti sem eru í boði, innkaupaverð, gæði, umhverfisáhrif og líftímakostnað. Áætlaður kostnaður og ávinningur af kaupunum er metinn og kannað með hvaða hætti þarfir kaupanda verða best uppfylltar.

9. gr.

Skilgreining innkaupa

Skilgreina skal vel það sem á að kaupa. Þar sem seljendum er gefið svigrúm til að útvega vöru eða þjónustu, eða til að framkvæma verk, skulu þarfir kaupanda skilgreindar nákvæmlega og þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla. Setja skal fram forsendur um gæði, umhverfisáhrif og líftímakostnað eins og kostur er.

² Hver vara hefur áhrif á umhverfið frá því hún er framleidd og notuð þar til hún endar sem sorp eða er endurunin. Hér er átt við heildaráhrif vöru á umhverfi sitt „frá vöggu til grafar“, meðal annars með tilliti til þess hráfnis sem notuð eru, framleiðslunnar, dreifingar og umbúða, notkunar og förgunar.

³ Með líftímakostnaði er átt við allan kostnað á líftíma vöru, þ.e. innkaupaverð auk kostnaðar við rekstur, viðhald og förgun vöru.

10. gr.**Val á aðferð við innkaup**

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal jafnframt lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra, sbr. einnig önnur ákvæði reglna þessara. Innkauparáð leiðbeinir kaupendum um innkaup sveitarfélagsins.

Við innkaup **Fagrafjarðar** samkvæmt reglum þessum skal einkum nota eftirfarandi aðferðir:

- Almennt útboð
- Lokað útboð
- Verðfyrirspurn/verðsamanburður

Að höfðu samráði við innkauparáð, er í öðrum tilvikum heimilt að viðhafa eftirfarandi aðferðir við innkaup:

- Innkaup eftir rammasamningum
- Samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar
- Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar
- Sérleyfissamninga
- Samningskaup vegna hönnunarsamkeppni
- Samkeppnisviðræður

11. gr.**Ákvörðun um viðmiðunarfjárhæðir o.fl.**

Að fengnum tillögum innkauparáðs gefur sveitarstjórn út viðmiðunarfjárhæðir sem miða skal við þegar valin er aðferð við innkaup. Sveitarstjórn skal árlega endurskoða viðmiðunarfjárhæðir, að fengnum tillögum innkauparáðs. Fyrsta endurskoðun skal gerð fyrir [1. janúar 2010].

Viðmiðunarfjárhæðir og breytingar á þeim skal auglýsa á sama hátt og reglur þessar, en auk þess á vefsíðu sveitarfélagsins og með öðrum þeim hætti sem tíðkast að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 12. gr. reglna þessara skulu sem meginregla fara fram að undangengnu útboði, sbr. nánari ákvæði 15. – 18. gr. reglnanna, nema beitt sé innkaupaaðferðum 23. gr. (samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu), 24. gr. (samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar) eða 26. gr. (samkeppnisviðræður).

Við innkaup á því verðbili sem 13. gr. reglna þessara kveður á um skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja, með formlegri verðfyrirspurn. Slíkur samanburður skal að jafnaði gerður bréflega eða með rafrænni aðferð, sbr. 20. gr. reglna þessara og skv. nánari verklagsreglum eða fyrirmynd sem innkauparáð **Fagrafjarðar** útbýr. Kanna skal hvort örútbòð meðal tiltekinna rammasamningshafa skv. ákvæðum reglna þessara henti í stað verðfyrirspurnar.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skv. 13. gr. reglna þessara þar sem verðfyrirspurn verður ekki við komið vegna eðlis innkaupa, t.d. þegar um er að ræða kaup á sérhæfðri vöru, þjónustu eða verkum, eða þar sem ekki þykir skynsamlegt að viðhafa fyrirspurn, t.d. þegar lítið magn er keypt í einu, skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja, sbr. ákvæði 21. gr. reglna þessara.

Þjónusta skv. 2. mgr. 4. gr. reglna þessara er ekki háð ákvæðum 12. og 13. gr. reglnanna.

12. gr.**Viðmiðunarfjárhæðir vegna útboða**

Útboð, sbr. 15. – 18. gr. reglnanna, skal viðhaft sem meginregla þegar áætluð samningsfjárhæð að meðtöldum virðisaukaskatti nær eftirtöldum fjárhæðum:

- Verklegar framkvæmdir: yfir [xx] mkr.
- Kaup á þjónustu: yfir [xx] mkr.

- Vörukaup: yfir [xx] mkr.

Einnig er heimilt að kaupa inn á grundvelli rammasamnings skv. reglunum sé upphæð innkaupa yfir ofangreindum fjárhæðum. Heimilt er að viðhafa önnur innkaupaferli í þeim undantekningartilvikum sem reglurnar greina.

13. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna verðfyrirspurna

Gera skal formlega fyrirspurn um verð, önnur kjör og eiginleika, líftímakostnað og umhverfisáhrif, sbr. 20. gr. reglnanna og verklagsreglur eða fyrirmynd sem innkauparáð **Fagrafjarðar** setur, þegar áætluð fjárhæð innkaupa að meðtöldum virðisaukaskatti er innan marka eftirfarandi fjárhæða:

- Verklegar framkvæmdir: [xx – xx] mkr.
- Kaup á þjónustu: [xx – xx] mkr.
- Vörukaup: [xx – xx] mkr.

Heimilt er að viðhafa önnur innkaupaferli í þeim undantekningartilvikum sem reglurnar greina.

14. gr.

Mat á virði og skipting innkaupa

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal miða við þá heildarfjárhæð sem kaupandi kemur til með að greiða fyrir innkaup, að meðtöldum virðisaukaskatti, þ.m.t. aðföng sem kaupandi lætur bjóðanda í té, flutningur vöru og þóknanir og annað það sem kaupandi leggur til og metið verður til fjár.

Við útreikninginn skal taka tillit til heildarfjárhæðar, þar á meðal hvers konar valfrjálsra ákvæða og hugsanlegrar endurnýjunar samnings. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðnir eru út, með virðisaukaskatti.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar tilkynning um innkaupin er send til opinberrar birtingar eða þegar kaupandi hefst handa við innkaupaferli þegar ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og/eða þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Við útreikning á áætluðu virði **verksamnings** skal miða við kostnað við verkið auk verðmætis aðfanga sem kaupandi lætur bjóðanda í té við verkið.

Við útreikning á áætluðu virði **vörusamnings** skal telja kostnað vegna flutnings vöru með í vöruverði. Ef vara er keypt „frí á skipsfjöll“ (fob) í erlendri höfn skal þó ekki telja flutning með í vöruverði.

Þegar um er að ræða **þjónustusamning** þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal miða við áætlaða samningsfjárhæð allan gildistíma samningsins. Sé samningstíminn óviss skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

Þegar um er að ræða **samninga** um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vörum til 12 mánaða eða skemur skal miða við heildarsamningsfjárhæð. Sé samningur bundinn til lengri tíma skal miðað við heildarfjárhæð auk virðis varanna við lok samningstímans. Sé samningstíminn óviss skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

IV. kafli. Aðferðir við innkaup

15. gr.

Almennt útböð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað, skal viðhafa almennt útböð, sbr. þó 13. gr. reglnanna.

16. gr.

Lokað útböð

Þegar opnu útböði verður ekki við komið, þáð þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi er heimilt að viðhafa lokað útböð. Lokað útböð skal almennt ekki viðhaft nema að undangengnu forvali. Við lokað útböð skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og skal fjöldi þátttakenda taka mið af því.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk, skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk. Sama gildir þegar um er að ræða kaup á þjónustu eða vöru. Til að tryggja framangreint skal lokað útböð viðhaft, þegar útböðsskylda er fyrir hendi, sbr. 12. gr. reglnanna.

17. gr.

Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útböði, hönnunarsamkeppni, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum að undangenginni útböðsauglýsingu skal auglýsa tilkynningu um forval með áberandi hætti þannig að áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í forvalinu.

Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hyggjast taka þátt í forvali og eftirfarandi útböði.

Í forvalsgögnum skulu koma fram málefnaleg og óhlutdræg skilyrði eða reglur sem leggja á til grundvallar við val þátttakenda. Skýr ákvæði skulu vera um hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum, meðal þeirra skulu vera gögn sem sýna getu umsækjenda til að taka að sér verkefnið.

Í forvali er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem valdir eru til að taka þátt í lokuðu útböði, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum, enda hafi nægilega margir þátttakendur tekið þátt í forvali. Fjöldi þátttakenda sem valdir eru skal ætíð vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

18. gr.

Lokað útböð án forvals

Lokað útböð án forvals skal einungis viðhaft í undantekningartilvikum, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður því að baki. Samráð skal haft við innkauparáð um slíkt.

19. gr.

Undantekningar frá útböði

Samningar um þjónustu skv. 2. mgr. 4. gr. reglna þessara eru undanþegnir ákvæðum 12. og 13. gr. Þegar ófyrirséðar, sérstakar aðstæður kalla á getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um að víkja frá skyldu til útböðs samkvæmt reglunum. Innkauparáði er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila.

20. gr.**Verðfyrirspurn**

Verðfyrirspurn skal vera undanfari ákvörðunar um innkaup þegar áætluð samningsfjárhæð innkaupa er á því verðbili sem 13. gr. reglna þessara greinir. Verðfyrirspurnir skulu ekki eingöngu snúast um innkaupaverð heldur geta þær einnig náð til gæða, umhverfisáhrifa og líftímakostnaðar vöru, þjónustu og verka, eftir atvikum.

Verðfyrirspurn er framkvæmd til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni.

Fyrirspurnargögn og tilboð skulu vera skrifleg [og í samræmi við nánari verklagsreglur eða fyrirmynd sem innkauparáð **Fagrafjarðar** setur. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum skv. þeim með símbréfi og/eða tölvupósti. Fyrirspurnargögn skulu vera greinargóð og skýrt tekið fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en einungis verði. Opnun tilboða samkvæmt verðfyrirspurn, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af þeim starfsmanni sem gerir fyrirspurnina, nema annað sé ákveðið. Tilboð skulu borin saman og þátttakendur upplýstir um val á tilboði.

21. gr.**Verðsamanburður við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum**

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skv. 13. gr. reglna þessara þar sem fyrirspurn verður ekki við komið vegna eðlis innkaupa, t.d. þegar um er að ræða kaup á sérhæfðri vöru, þjónustu eða verkum, eða þar sem ekki þykir skynsamlegt að viðhafa fyrirspurn, t.d. þegar lítið magn er keypt í einu, skal þó ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja á verði og öðrum eiginleikum vöru, þjónustu og verka. Virða skal jafnræði seljenda, sbr. 1. gr. reglnanna.

22. gr.**Rammasamningar**

Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útboðsgögnum.

Aðeins er heimilt að gera einstaka samninga á grundvelli rammasamnings við þau fyrirtæki sem upphaflega voru aðilar rammasamnings. Við gerð einstakra samninga á grundvelli rammasamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum rammasamnings, einkum þegar um er að ræða rammasamning sem um ræðir í 4. mgr.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum, einkum þeim sem tengjast efni rammasamningsins. Kaupanda er óheimilt að misnota rammasamning eða nota hann til að koma í veg fyrir, takmarka eða hindra samkeppni.

Ef skilmálar rammasamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammasamningshafa í samræmi við ákvæði rammasamnings. Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútböð milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar, allt í samræmi við eftirfarandi reglur:

- Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammasamningshafa sem efnt gætu samninginn.
- Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammasamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er að ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er svo og sendingartíma.
- Tilboð rammasamningshafa skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilboðsfrestur hefur runnið út.
- Kaupandi skal velja á milli tilboða rammasamningshafa á grundvelli valforsendna sem fram hafa komið í skilmálum rammasamnings.

23. gr.**Samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu**

Ef ekkert lögmaett tilboð berst í almennu eða lokuðu útboði eða samkeppnisviðræðum, öll tilboð eru óaðgengileg eða þátttakendum eða bjóðendum er vísað frá á grundvelli ákvæða V. kafla (kröfur til gagna og bjóðenda) er heimilt að viðhafa samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu, enda sé upphaflegum skilmálum útboðsins ekki breytt í verulegum atriðum.

Samningskaup að undangenginni opinberri birtingu útboðsauglýsingar eru einnig heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrirfram vegna eðlis verks, þjónustu eða vöru eða áhættu samfara innkaupum sem gerir áætlun kostnaðar ómögulega.
- b. Þegar um er að ræða þjónustu, einkum þjónustu á sviði hugverka eða rannsókna og þróunar, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að skilgreina kröfur til hins keypta með það mikilli nákvæmni að mögulegt sé að gera upp á milli tilboða samkvæmt þeim reglum sem gilda í almennu eða lokuðu útboði.
- c. Þegar um er að ræða verk sem eingöngu eru unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna.

Að öðru leyti gildir ákvæði 32. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

24. gr.**Samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar**

Samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar eru eingöngu heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar engin tilboð, engin gild tilboð eða engar tilkynningar um þátttöku berast vegna almenns eða lokaðs útboðs, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.
- b. Þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.
- c. Þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu. Þær aðstæður sem vísað er til sem aðkallandi neyðarástands mega ekki undir neinum kringumstæðum vera á ábyrgð kaupanda.
- d. Þegar um er að ræða vörur sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
- e. Þegar um er að ræða innkaup á viðbótarvörum sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
- f. Þegar um er að ræða vörur sem eru á sérlega góðum kjörum, annaðhvort frá seljanda sem er að hætta starfsemi eða frá skiptastjóra þrotabús eða fyrirtæki sem er í greiðslustöðvun eða nauðasamningum.
- g. Þegar gera á samning eftir samkeppni um hönnun þar sem kveðið er á um að skylt væri að semja við þá þátttakendur, einn eða fleiri, sem sigruðu í keppninni. Ef um fleiri sigurvegara er að ræða er skylt að bjóða öllum sem sigra í hönnunarsamkeppni að taka þátt í viðræðum.
- h. Þegar um er að ræða viðbótarverk eða viðbótarþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í áður umsömdu verki og nauðsynlegt er, vegna áður ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að sami aðili sjái um, enda sé ekki unnt að skilja verkið eða þjónustuna frá áður umsömdu verki af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda. Sama á við ef viðbótarverk eða viðbótarþjónusta er óhjákvæmileg til að ljúka áður umsömdu verki eða

þjónustu. Samanlagt verðgildi samninga um viðbótarverk eða viðbótarþjónustu skal ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð.

- i. Þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á sambærilegu verki eða þjónustu og sami kaupandi hefur áður samið um við fyrirtæki í almennu eða lokuðu útbóði, enda séu þessi verk eða þjónusta í samræmi við þá upprunalegu áætlun sem upphaflegi samningurinn kvað á um. Þegar útbóð fer fram á grundvelli upprunalegrar áætlunar skal taka fram að þessari aðferð við innkaup kunni að verða beitt og skal taka mið af áætluðum kostnaði við þessi verk eða þjónustu þegar viðmiðunarfjárhæð er reiknuð út. Þessari innkaupsaðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá því að upphaflegur samningur var gerður.

25. gr.

Hönnunarsamkeppni

Ákvæði þessarar greinar gilda um hönnunarsamkeppni þar sem samanlagt virði verðlauna og/eða annarra greiðslna til þátttakanda er yfir viðmiðunarfjárhæðum vegna þjónustukaupa skv. 12. gr.

Um tilhögun hönnunarsamkeppni gildir ákvæði 37. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

26. gr.

Samkeppnisviðræður

Þegar um er að ræða sérlega flókna samninga og kaupandi telur að notkun almenns eða lokaðs útbóðs sé því til fyrirstöðu að unnt sé að gera samning er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar. Um „sérlega flókinn samning“ í skilningi þessarar greinar er að ræða þegar ekki er mögulegt með hlutlægum hætti að skilgreina þau tæknilegu atriði sem fullnægt geta þörfum eða markmiðum kaupanda og/eða kaupandi getur ekki skilgreint lagalega eða fjárhagslega gerð framkvæmdar. Ákvörðun um gerð samnings skal eingöngu tekin á grundvelli forsendna fyrir vali fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

27. gr.

Framhaldskaup og viðaukar við samninga

Þegar um er að ræða viðauka við áður gerða samninga um kaup á vöru, þjónustu eða verkum, skal samanlagt verðgildi samninga um viðbótarverk eða viðbótarþjónustu ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð, sbr. h-lið 24. gr. reglna þessara. Fari samanlagt verðgildi slíkra samninga yfir þá fjárhæð, en kaupandi vöru, þjónustu eða verks telur engu að síður óhjákvæmilegt að standa að gerð þeirra, skal hann leita samþykkis innkauparáðs fyrirfram. Sama gildir um kaup á grundvelli eldri pantana eða verðtilboða.

V. kafli. Kröfur til gagna og bjóðenda

28. gr.

Útbodsgögn og forsendur

Útbodsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út. Styðjast má nánar við 38. - 40. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 eftir atvikum.

Forsendur fyrir vali tilboðs skulu annaðhvort miðast eingöngu við lægsta verð eða fjárhagslega hagkvæmni frá sjónarhóli kaupanda. Forsendur sem liggja til grundvallar mati á fjárhagslegri hagkvæmni skulu tengjast efni samnings, t.d. gæðum, verði, tæknilegum eiginleikum, útliti, notkunareiginleikum, umhverfislegum eiginleikum, rekstrarkostnaði, rekstrarhagkvæmni, viðhaldsþjónustu, afhendingardegi og afhendingartímabili eða lokum framkvæmdar samnings.

Í útbodsauglýsingu, útbodsgögnum eða skýringargögnum, eða þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs eins nákvæmlega og framast er unnt. Tilgreina skal hlutfallslegt vægi hvers viðmiðs sem vísað er til sem forsendu fyrir vali tilboðs. Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum. Ef ómögulegt er að tilgreina tiltekið vægi forsendna af ástæðum sem hægt er að sýna fram á skal raða forsendum í röð eftir mikilvægi.

29. gr.**Undirverktaka**

Heimilt er að krefjast þess í útboðsgögnum að bjóðandi upplýsi hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og hvaða undirverktaka sá aðili hyggst nota. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

30. gr.**Frávikstilboð**

Tilboði, sem er í verulegum atriðum í ósamræmi við útboðsskilmála, skal eigi tekið. Kaupandi skal taka fram í útboðsauglýsingu hvort frávikstilboð eru heimil og þá hver séu skilyrði fyrir gerð þeirra, þar á meðal hverjar séu þær lágmarkskröfur sem slík tilboð þurfi að fullnægja. Að öðrum kosti eru frávikstilboð óheimil. Aðeins er heimilt að taka til umfjöllunar frávikstilboð sem fullnægja lágmarkskröfum kaupanda samkvæmt útboðsgögnum.

Þegar um er að ræða vöru- og þjónustukaup er kaupanda sem hefur leyft frávikstilboð óheimilt að hafna frávikstilboði á þeirri forsendu einni að samningur, ef hann yrði gerður, yrði þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

31. gr.**Persónulegar aðstæður þátttakenda eða bjóðenda**

Óheimilt er að gera samning við þann sem eftirfarandi á við um á opunardegi tilboða og fram til áætlaðs samningsdags:

1. Hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum.
2. Sætir nauðasamningum, greiðslustöðvun eða er undir gjaldþrotaskiptum.
3. Er í vanskilum með opinber gjöld.
4. Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna.

Eftir því sem við á geta kaupendur óskað eftir því að þátttakendur eða bjóðendur leggi fram gögn um ofangreind atriði. Heimilt er að kanna viðskiptasögu bjóðenda, þ.e. eigenda og helstu stjórnenda, við mat á því hvort ofangreind skilyrði eigi við. Leiði sú könnun í ljós að eigandi eða fyrirtæki hans hafi lent í greiðslu- eða gjaldþroti sbr. 47. gr. laga um opinber innkaup, sl. fimm ár (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá opinberum samningi sem eftirfarandi á við um á opunardegi tilboða og fram til áætlaðs samningsdags:

1. Hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
2. Hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
3. Hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

32. gr.**Fjárhagsstaða og tæknileg geta bjóðenda**

Fjárhagsstaða sem og tæknileg geta bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélaginu. Miðað er við þann tímapunkt þegar tilboðum hefur verið skilað og þau eru metin, nema um lokað útboð sé að ræða eða annað verði ákveðið.

Heimilt er að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í útboðum.

Þegar um er að ræða vörusamninga sem fela í sér ísetningu og uppsetningu, veitingu þjónustu og/eða framkvæmd verks er heimilt að meta sérstaklega getu fyrirtækis til þess að veita þjónustuna, sjá um uppsetninguna eða vinna verkið, einkum með hliðsjón af hæfni, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

Fyrirtæki getur, eftir því sem við á og vegna gerðar tiltekins samnings, byggt á fjárhagslegri og/eða tæknilegri getu annarra aðila án tillits til lagalegra tengsla fyrirtækisins við þessa aðila. Ef þetta er gert skal fyrirtæki sýna kaupanda fram á að það muni hafa nauðsynlega fjármuni til ráðstöfunar og/eða aðgang að nauðsynlegri tækni, t.d. með þeim hætti að hlutaðeigandi fyrirtæki stofni sameiginlega sérstakt félag í þessu skyni.

Í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum skal koma fram hvaða gagna er krafist um fjárhagsstöðu og tæknilega getu bjóðenda. Ekki skal krefjast frekari gagna þessu til sönnunar en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi, mikilvægi eða ætlaðri notkun verks, þjónustu eða vöru. Ef bjóðandi er ófær um að leggja fram umbeðin gögn er honum heimilt að sýna fram á getu sína með öðrum gögnum sem kaupandi metur fullnægjandi. Innkauparáð leiðbeinir um gerð krafna um fjárhagsstöðu og tæknilega getu í útboðsgögnum og aðstoðar við mat á því hvort skilyrðum sé fullnægt að þessu leyti. Styðjast má við kröfur 49. og 50. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 að þessu leyti.

Óheimilt er að inna af hendi greiðslur til viðsejenda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefnatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn, í þeim tilfellum sem tryggingar er krafist.

33. gr.

Aðrar kröfur til seljenda

Við undirbúning innkaupa skal, í samræmi við þarfir kaupanda, ákveða hvaða kröfur eru gerðar til seljenda og til vöru, þjónustu og verka, sbr. 8. gr. reglna þessara. Taka skal tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og líftímakostnaðar.

Kaupanda er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði, einkum varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði, sem tengjast framkvæmd samnings, enda séu þessi skilyrði í samræmi við reglur EES-samningsins og hafi verið tilgreind í útboðsauglýsingu eða útboðsskilmálum.

Kaupandi getur krafist þess að gefið sé út vottorð af óháðum aðila til staðfestingar á því að fyrirtæki fullnægi ákveðnum umhverfisstjórnunarstöðlum eða öðrum fyrirfram skilgreindum kröfum.

VI. kafli. Framkvæmd og eftirfylgni

34. gr.

Fræðsla og þjálfun innkaupafólks

Fagrifjórður sér til þess að innkaupastefna og innkaupareglur sveitarfélagsins séu vel kynntar fyrir starfsfólki sveitarfélagsins sem kemur að innkaupum, sem og fyrir sveitarstjórn.

Til að efla færni starfsfólks og þjálfun á sviði innkaupa fær starfsfólkið fræðslu og þjálfun í samræmi við sérstaka fræðsluáætlun í innkaupamálum, sem innkauparáð setur fram.

35. gr.

Mælikvarðar og endurmat

Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við stefnu **Fagrafjarðar** í innkaupamálum og skilgreinir mælikvarða til að meta árangurinn. Innkauparáð fylgir markmiðum eftir, metur hvornig til hefur tekist við að framfylgja stefnunni og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga, sbr. 7. gr. reglna þessara.

36. gr.

Nýsköpun og þróun. Samskipti við seljendur

Fagrifjórður kappkostar að eiga góð samskipti við birgja, ekki síst í því skyni að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfir sveitarfélagsins í innkaupamálum, á sem hagkvæmastan hátt.

Markviss áætlun verður sett upp um leiðir til að fylgja eftir þörfum sveitarfélagsins gagnvart seljendum og hvernig stuðla megi að gagnvirkum og skilvirkum leiðum til samskipta og þróunar á vöru, þjónustu og verkum.

VII. kafli. Önnur ákvæði

37. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður **Fagrafjarðar** eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum **Fagrafjarðar** og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið nema með samþykki sveitarstjóra.

38. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna sveitarfélagsins og stofnana þess, eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

39. gr.

Kæru- og endurupptökuheimild

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna og reglur þessar, er aðila heimilt að kæra til kærufndar útboðsmála. Kæra skal borin skriflega undir kærufnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007. Alltaf er þó heimilt að bera kæru undir kærufnd útboðsmála innan 15 daga frá því að rökstuðningur skv. 75. gr. laganna er veittur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þau fyrirtæki sem njóta réttinda samkvæmt lögum þessum og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á sér hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála **Fagrafjarðar** sé ábótavant, er aðila heimilt að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina skriflega til sveitarstjórnar innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

40. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn **Fagrafjarðar** og **öðlast gildi við birtingu innkaupareglanna í Stjórnartíðindum.** Þær skulu birtar á vefsíðu sveitarfélagsins.

Innkauparáð hefur með höndum eftirfylgni með reglunum og stendur sveitarstjórn skil á framkvæmd þeirra.

Fjárhæðir skv. þessum reglum skulu endurskoðaðar ár hvert af sveitarstjórn **Fagrafjarðar**, að fenginni tillögu innkauparáðs, sbr. 11. gr. reglnanna.

Innkaupareglurnar skulu yfirfarnar og framkvæmd þeirra metin í fyrsta sinn innan árs frá gildistöku þeirra.

Jóna Jónsdóttir, sveitarstjóri